

## Samskeytalaust útiefni - tæknilýsingarblað

### Efnislýsing:

Steindekke Trafikk er einlitt samskeytalaust yfirborðsefni sem samanstendur af marmara, kvasi eða bauxíti og tveggja þátta acryl fjölliðu efni. Steindekke trafikk er lagt í 5-8 mm þykkt. Efnið er lagt beint á steinsteypu eða malbik.

### Kostir:


Helstu kostir Steindekke trafikk eru að það er fljótlegt að leggja það, hálkufrið og níoðsterkt. Steindekke Trafikk er lagt samskeytalaust en gefur þó mikla möguleika í hönnun þar sem efnið fæst í mismunandi kornakúrfum og litum og er því auðvelt að skipta milli lita. Efnið er hagkvæmt í þrifum og hentar vel þar sem þörf er á slitsterku yfirborðsefni með frábæra eiginleika.

### Notkunarsvið:

Helsta notkunarsvið Steindekke Trafikk eru hjólréiðabrautir, gangstéttar og víðar. Hægt er að fá Steindekke Trafikk í nokkrum staðal litum.

### Eiginleikar:

- ◆ Slitsterkt
- ◆ Efnapolið
- ◆ Einfalt í viðhaldi
- ◆ Litaval
- ◆ Snögg ásetning
- ◆ Á steypu eða malbik



### Vinnslutími:

- ◆ Tími við lögn: 1-3 dagar
- ◆ Gönguhæft: 18-20 klst/20°C
- ◆ Fullharðnað 7 dagar/20°C

### Vinnsluferli:

Steinsteypa þarf að vera minnst 28 daga gömul frá lagningu, undirlag sé með a.m.k. 25N/mm brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja yfirborðið með epoxy bindiefni, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C á meðan lögn fer fram.

Lagning B. Steindekke Trafikk skal eingöngu framkvæmd af sérþjáfuðum lagningarmönnum.

### Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. Dekkjaför og önnur illþrifanleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaíðnaði er almennt nægjanlegt að þrifa með 50°C heitu vatni og hreinsiefnum skv. þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.